



#### **4. Höfundur námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi**

Ásdís Ólsen og Karl Ágúst Úlfsson hljóta íslensku menntaverðlaunin fyrir brautryðjendastarf á sviði námsefnisgerðar í lífsleikni. Námsgreinin hefur það að markmiði að byggja upp alhliða þroska nemenda auka sjálfsþekkingu þeirra og aðstoða við að móta ábyrgan lífsstíl og lífsgildi. Ásdís og Karl Ágúst hafa samið námsefni um hin mikilvægu viðfangsefni námsgreinarinnar, sem m.a. beinast að því að vekja nemendur til umhugsunar um jafnréttismál og málefni kynjanna, um hegðun, samskipti, kynlíf og tilfinningar og um fjölbreytileika mannlífsins.

Framsetning í námsefninu *Ég er bara ég, Kynlega klippt og skorið* og *Kynlíf: Kynfræðsla fyrir ungt fólk* er nýstárleg, lifandi og áhugavekjandi og höfðar einkar vel til þess nemendahóps sem það er ætlað. Þau fjalla um vandmeðfarið efni á hispurslausan, en um leið nærgætinn hátt, þar sem áhersla er lögð á mikilvæg gildi og ábyrga afstöðu. Dómnefnd telur að með þessu efni hafi höfundum tekist að setja fram á áhugaverðan og fjölbreyttan hátt vandað og framsækið fræðsluefni fyrir unglina.